LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands 5. árg. 1996 1. tbl.



Norræn skógræktarráðstefna

Skógargönguferðir

Skógræktardagbók

Skógrækt og ferðaþjónusta

Mikið er rætt um ferðaþjónustu þessa dagana og þá miklu þýðingu sem hún hefur fyrir þjóðarbúið. Lætur nærri að tekjur af henni hafi numið um 20 milljörðum á síðasta ári. Ýmislegt verður til að fá erlenda gesti til landsins, meðal annars skógrækt. Vegna skógræktarstarfsins í landinu er talsvert um að erlendir gestir heimsæki landið, bæði til að sækja ráðstefnur eða aðra mannfundi og af almennum áhuga. Til fróðleiks tók Laufblaðið saman yfirlit yfir helstu komur erlendra skógræktargesta hingað til lands frá árinu 1990. Þessi listi er þó ekki alveg tæmandi því talsvert er um að einstakir skógræktarmenn komi í heimsókn, og erfitt er að henda reiður á.

Tilefni	Fjöldi erl. gesta
Skiptiferð norrænna skógræktarfélaga	50
60 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands	10
Ritnefnd Scan. Jor. For. Res	6
Norrænn vistfræðihópur	12
Ráðstefnan „Forestry in cold climate“	32
Birkiráðstefna á Illugastöðum	22
Vest-Norden vinnuhópur	20
Skiptiferð norska skógræktarfélagsins	50
Norrænar gróðrarstöðvar - NSFP	30
Skordýrafræðingar	12
Lerkifræðingar	5
Þýskir skógfræðingar	60
Exotics ráðstefna á Egilsstöðum	19
Norrænn fræðsluhópur í skógrækt	10
Stjórn SNS	20
50 ára afmæli NSU 1996 (áætlað)	200
Norskt skógræktarfólk, S.BI.1990/1993/1994	75
Sænskir skógfræðistúdentar ca. 7-10 árlega	40
NSU og SNS fundir 1990-1995	70
Aðrir	50
ALLS	u.þ.b. 800

Samkvæmt upplýsingum Ferðamálaráðs Íslands skilar hver erlendur ferðamaður að meðaltali um 90.000 kr. í gjaldeyristekjur til þjóðarbúsins. Því er hægt að áætla að erlendir „skógræktarferðamenn“ , hafi skilað þjóðinni um 80 milljónum króna í gjaldeyristekjur á þessu tímabili.

Verk- og flokksstjóra-námskeið Skógræktar-félags Íslands

Það verður haldið, eins og tvö síðastliðin vor um allt land í lok maí og byrjun júní. Búið er að senda sveitar- og skógræktarfélögum upplýsingar um námskeiðið og eru þau beðin að láta vita um þátttöku þannig að hægt verði að raða niður dögum. Efni námskeiðsins verður með svipuðu sniði og tvö undanfarin ár. Fjallað verður um gróðursetningu og umhirðu skógarplantna og hvernig stjórna á vinnuflokki við þessi verkefni. Lögð er áhersla á að sýna vinnubrögð og leyfa þátttakendum að prófa sjálfir hin ýmsu vinnubrögð, sem kennd eru, þannig að hluti námskeiðsins fer fram úti í mörkinni.

HÓPFERÐAMIÐSTÖÐIN hm

LÁTIÐ FRÆKORNIN EKKI FJÚKA BURT!

Safnið frækornunum saman í möppu

Möppuna fáið þið fyrir 800 kr.

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
SÍMI 551-8150

Frá ritstjóra

Góðir lesendur

Nú er gengið í garð fimmta útgáfuár Laufblaðsins og hefur það breyst töluvert á fimm fyrstu æviárunum. Efnistök eru samt svipuð, reynt er að leita fanga eins víða og kostur er og birta stuttar greinar um fréttnæmt efni í skógræktargeiranum. Allir sem tengjast skógrækt á einhvern hátt geta skrifað greinar í Laufblaðið og margir hafa brugðist vel við því og sent okkur greinar og myndir til birtingar. Þeir hinir sömu eiga þakkir skildar.

Þátttaka í jólagetraun Laufblaðsins var framar öllum vonum og upplýsingar um þá sem voru svo heppnir að fá vinning eru birtar hér í blaðinu.

Segja má að fimm ára afmælisgjöf Laufblaðsins sé „litla nýfædda systkinið“, Frækornið sem fylgir nú blaðinu í fyrsta skipti. Frækornið er, eins og þið sjáið, stutt og hnitmiðað fræðslurit um einstakt efni í skóg- og trjárækt. Reynt er að hafa textann stuttan og skilmerkilegan en lýsa sem mestu með góðum skýringarteikningum. Svo skemmtilega vill til að félagar okkar hjá Skógræktarfélagi Eyfirðinga, þeir Aðalsteinn Svanur Sigfússon og Helgi Þórsson voru fengnir til að sjá um teikningar og hafa þeir leyst það verkefni mjög vel af hendi. Stefnan er að gefa út a.m.k. eitt Frækorn með hverju Laufblaði, helst fleiri, og geta skógræktarfélagar um allt land safnað Frækornunum í möppu sem við munum selja hér á skrifstofunni gegn vægu verði. Áður en langt um líður verða Frækornin orðin að heilum hafsjó fróðleiks um skóg- og trjárækt.

LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands. 5. árgangur, 1. tölublað, mal 1996.

Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands.

Ábyrgðarmaður:
Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.
Ritstjóri: Arnór Snorrason.

Forsíðumynd:

Á landgræðslusvæðinu við Kópasker. Mynd: J.G.P. (S.Í).

Útlit, umbrot, litgreiningar og filmuvinnsla: **PRENT**HÖNNUN ehf

Prentun: Borgarprent
Gefið út í 7500 eintökum

NORRÆN SKÓGRÆKTARRÁÐSTEFNA Á ÍSLANDI Í JÚNÍ

Í sumar, dagana 19. - 22. júní, mun Norræna skógarsambandið (NSU) halda upp á 50 ára afmæli sitt hér á landi og eru af því tilefni væntanlegir hingað á þriðja hundrað erlendir gestir. Viljum við hvetja Íslendinga til þess að láta þennan merka viðburð ekki fram hjá sér fara. Það er okkur mikill heiður að þessi samtök velja Ísland til þess að fagna þessum merku tímamótum.

Norræna skógarsambandið var stofnað árið 1946 af Dönum, Svíum, Finnum og Norðmönnum og er ætlað að auka tengsl milli landanna um skógræktarmálefni. Íslendingar voru ekki aðilar að sambandinu strax en gengu í samtökin árið 1975. Meginmarkmið sambandsins er að koma á samvinnu milli Norðurlandanna á vettvangi skógræktar, til gagns fyrir skóga á Norðurlöndum. Hefur sambandið gengist fyrir fjölmörgum viðburðum í því sambandi. Má þar nefna fundi, námsferðir, kynnisferðir og ráðstefnur. Skógrækt ríkisins og Skógræktarfélag Íslands eru aðilar að sambandinu fyrir Íslands hönd.

Í tilefni afmælisins verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá. Dagana 19.-21. júní verða farnar 3 skoðunarferðir út um landið, eða til Norður-, Suður- og Austurlands. Í þeim verða kynnt ýmis skógræktar- og landgræðsluverkefni, auk almennrar náttúruskoðunar. Til leiðsagnar verða margir helstu sérfræðingar landsins á því sviði.

Laugardaginn 22. júní verður síðan haldin ráðstefna í Borgarleikhúsinu undir yfirskriftinni „Skógurinn og umheimurinn“. Á ráðstefnuna eru væntanlegir níu erlendir fyrirlesarar sem munu miðla okkur fróðleik um umhverfis- og skógræktarmál. Enginn sem áhuga hefur á skógræktar-, umhverfis eða náttúruverndarmálum má láta þetta tækifæri renna sér úr greipum. Fyrirlesararnir eru margir helstu fræðimenn og sérfræðingar í heiminum á sviði skógræktar og náttúruverndar. Af Íslands hálfu mun frú Vigdís Finnbogadóttir flytja inngangserindi, en þátttaka hennar í þessari ráðstefnu verður eitt af síðustu embættisverkum hennar.

Dagskráin er opin öllum. Þeir sem áhuga hafa eru beðnir að hafa samband við skrifstofu Skógræktarfélags Íslands, sími 551-8150, sem sér um skráningu þátttakenda. Þátttökugjald er kr. 2000 og í hádeginu er boðið upp á léttan málsverð á kr. 500.

FYRIRLESARAR Á AFMÆLISRÁÐSTEFNU NORRÆNA SKÓGARSAMBANDSINS í BORGARLEIKHÚSINU 22. JÚNÍ:

Frú Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands

Karen Westerbye-Juhl, forseti Norræna skógarsambandsins:
„Inngangur.“

J.S. Maini, forstöðumaður Alþjóða viðræðunefndarinnar (Intergovernmental Panel on Forests) um skógverndarsáttmála hjá Sameinuðu þjóðunum:
„Staða norrænu skóganna og barrskógabeltisins í alþjóðlegum umræðum um skóga heimsins.“

J.P. Kimmins, prófessor í skógarvistfræði við Háskólann í Bresku Kólumbíu í Kanada:
„Virðing fyrir náttúrunni. Hvaða áhrif hefur það hugtak á skógrækt 21. aldarinnar?“

R.A. Shebbare, framkvæmdastjóri Canadian Pulp and Paper í Brussel:
„Þróun kanadísku skógræktarinnar í átt að *sjálfbærri nýtingu skóganna og breyttu verðmætamati almennings.“*

Eeva Hellström, sérfræðingur við Evrópsku skógræktarstofnunina (European Forestry Institute) í Finnlandi:
„Árekstrar skógræktarinnar við umheiminn.“

Monika Stridsman, aðalritari Alþjóða náttúruverndarsjóðsins (WWF) í Svíþjóð:
„Boðskapurinn um sjálfbæra nýtingu skóga.“

Oluf Aalde, skógræktarstjóri Noregs. Norska Landbúnaðarráðuneytið:
„Er nýting skóga á Norðurlöndunum sjálfbær?“

Åke Barklund, verkefnisstjóri hjá Sambandi sænskra skógareigenda (Sveriges Skogsegarföreningars Riksförbund): *„Umhverfisvottun á norrænni skógarvinnslu.“*

Niels Elers Koch, forstjóri Rannsóknamiðstöðvarinnar fyrir skóg og landslag (Forskningscentret for Skov og Landskap) í Danmörku:
„Samantekt dagskrár.“

Miklu lerkifræi safnað á Hallormsstað

Könglum af lerki safnað úr stiga. *Mynd S.Bl. 1996.*

Mikið fræfall

Ljóst var strax snemmsumars 1995, að mikil blómgun yrði á lerki á Hallormsstaðasvæðinu. Í haust kom svo í ljós, að fylling var óvenjugóð í lerkifræinu, sem gaf von um góða spírun. Þrjár ástæður voru fyrir þessu:

- Hlýtt sumar 1994, sem leiddi til mikillar blómgunar 1995.
- Kaldur og staðviðrasamur vetur 1994-95 án hlýindakafla skilaði ósködduðum blómum.
- Hlýtt sumar 1995, sem hófst að vísu ekki fyrr en í júní, en kom þá vel.

Meðalhiti júní-september var 9,7°C, sem er allvel yfir meðallagi.

Könnun á könglum í haust sýndi, að mikið yrði af fræi með betri spírun en áður hafði gerst.

Söfnun ákveðin

Skógrækt ríkisins og Héraðsskógar ákváðu í framhaldi af þessari vitneskju að safna eins miklu fræi og unnt væri í þeim teigum af rússalerki, þar sem spírun fræsins virtist viðunandi. Héraðsskógar tóku að sér að annast söfnunina, en Skógrækt ríkisins sá um pökkun og sendingu köngla og klengingu og hreinsun fræsins.

Söfnunin hófst 1.des. 1995 og var að mestu lokið um páska 1996. Yngstu teigarnir voru 30 ára gamlir, en elst var lerkið frá 1922.

Leitað til Atvinnuleysistryggingasjóðs

Sýnilegt var fljótlega eftir að verkið hófst, að Héraðsskógar hefðu ekki bolmagn til að safna nema hluta af því fræi, sem í skóginum var og æskilegt væri að ná. Eftir áramótin var því leitað til sjóðsins að veita fé til þessa verks. Umsóknin fékk fljóta afgreiðslu og fyrir þessa lipurð kom fólkið, sem sjóðurinn greidd atvinnuleysis- bætur, til starfa 20. jan. 1996. Þær nægðu til að greiða 25 manns laun í 4 mánuði.

Gangur söfnunarinnar

Söfnunin gekk ótrúlega vel. Stigar voru notaðir til þess að ná upp í trjákrónurnar og einnig tvenns konar útbúnaður með körfum, sem hægt var að lyfta í um 12-14 m hæð og flýtti það mjög fyrir, þar sem hægt var að koma þeim að trjám. Veðráttan lék raunverulega við safnarana allan tímann. Jafnvel frosthörkur í desember hindruðu ekki. Frá 1. des. til páska féll aðeins hálfur dagur úr vegna veðurs. Eftir 20. jan. voru að meðaltali 20 manns við söfnun hvern dag. Fljótt kom í ljós, að fólkið hafði mjög gaman af þessu starfi. Þar átti drjúgan þátt tilfinningin fyrir því, að hér voru menn að skapa verðmæti. Og svo er skógurinn óvenjulegur starfsvettvangur fyrir flest þetta fólk. Í kyrru vetrarveðri seiðir hann menn til sín ekki síður en á sumrin.

Klenging og hreinsun fræsins

Hún fór fram í gróðrarstöðinni á Tumastöðum í Fljótshlíð. Þar tókst ekki einasta að afvængja fræið, heldur einnig að hreinsa burt mikið af tómu fræi. Heiðurinn af því eiga starfsmennirnir í gróðrarstöðinni. Þessu verki verður ekki lokið fyrr en haustið 1996, svo mikið er magnið af könglum.

Frekari skiljun fræsins - að ná burt öllu tómu og sködduðu fræi - fer fram í Finnlandi. Þetta gengur erfiðlega vegna þess, hve spírun er lág (um 20% að meðaltali), svo að margendurtaka verður skiljunarferlið. En við sáningu í fjölpotta er meginmál að geta sáð aðeins spírunarhæfu fræi, helst einu frækorni í hvern pott.

Prófanir á spírun eru gerðar á Rannsóknastöðinni á Mógilsá, og reynist hún á bilinu 10-30%.

Magn af könglum og fræi

Alls hafa verið tínd 3,8 tonn af könglum, miðað við vigt á þeim blautum, en þá eru 380 stk. í kg. Þurrir könglar eru 430 í kg. Erfitt er að fullyrða, hve mikið nothæft fræ fæst úr uppskeru þessa vetrar, en menn gera sér vonir um, að af því geti sprottið allt að 8 millj. plantna. A.m.k. er óhætt að fullyrða, að þetta fræfall mun duga skógræktinni á Íslandi í nokkur ár. Ætla má, að 70% nýtist af því fræi, sem sáð verður.

Kostnaður

við frætínsluna á vegum Héraðsskóga nemur fram að þessu 7,5 millj. kr. Af því greiðir Atvinnuleysistryggingasjóður líklega um 2,5 millj. kr. Hér er innifalinn kostnaður við aðdrætti ýmiss konar.

Þegar þetta er skrifað, er mér ekki kunnugt um kostnað við pökkun og sendingu frá Hallormsstað, klengingu og hreinsun á Tumastöðum, né skiljunina í Finnlandi. En það hlýtur að nema verulegum upphæðum.

Sigurður Blöndal, fyrrv. skógræktarstjóri.

Tálknfirskt sitkagreni

Sáðplöntur af sitkagreni (Picea sitchensis), kvæmi Tálknafjörður, Ísland.
Mynd: J.P.G. (S.Í.) 1995.

Þegar Laufblöðungur átti leið um Vestfirði síðastliðið sumar frétti hann af merkilegum viðburði á Tálknafirði. Brynjólfur Gíslason, form. Skógræktarfélagsins Limgarðs, hafði safnað saman sitkagrenikönglum úr skógarbotninum í eldri hluta skógarins á Sveinseyri, þar sem standa nokkur eldri sitkagrenitré. Þegar heim var komið losaði hann fræin úr könglunum og sáði í pott inni í garðskálanum sínum. Fræið spíraði og upp uxu átta tálknfirskar sitkagreniplöntur.

Þetta sýnir okkur hvað aðlögunarhæfni sitkagrenisins er mikil, fyrst það þroskar fræ í svona litlum skógarreit á Vestfjörðum. Það er greinilegt að það er að verða tilbúið að nema land á Tálknafirði!

Ráðstefna um birkiskóga Íslands

Hún var haldin á Hótel Loftleiðum þann 19. apríl síðastliðinn. Að ráðstefnunni stóðu þær stofnanir sem láta sig birkiskógana varða en það eru Skógrækt ríkisins, Landgræðsla ríkisins, Náttúruverndarráð, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Náttúrufræðistofnun Íslands. Forstjórar stofnana sögðu frá stefnu þeirra varðandi birkiskógana og endurheimt þeirra. Sérfræðingar skýrðu frá þeim fjölmörgu og áhugaverðu rannsóknum sem fara fram á íslenska birkinu og gerð var grein fyrir viðamikilli birkiúttekt sem rokið var við fyrir nokkrum árum en nú er verið að vinna úr þeim gögnum. Ráðstefnan var vel sótt og hvert sæti skipað í salnum sem sýnir að áhugi fyrir íslensku birkiskógunum og birkinu er mjög mikill.

AST

HÚN VINNUR ÞAR SEM ÞÚ VINNUR

AST fistölvan
lætur þig um að velja
stund og stað til starfa.
Hún ferðast með þér
hvert sem er
- **fislétt, lipur og hraðvirk**

EJS

EINAR J. SKÚLASON HF
Grensásvegi 10, 108 Reykjavík, Sími 63 3000

Risavaxinn nornavöndur í Hallormsstaðaskógi

Nornavöndur þessi uppgötvaðist í Hallormsstaðaskógi ofan við Atlavík haustið 1995. Hann er á birkitré, sem stendur í þéttum lerkiskógi, og er allsvert, um 6-7 m hátt. Nornavöndurinn var mældur og reyndist vera 2,85 cm í ummál og er sá stærsti sem fundist hefur í skóginum. Ekki er vitað um að annar stærri hafi fundist hér á landi.

Það sem veldur því að nornavendir myndast á birkitrjám er nornasveppurinn (Taphrina betulinum). Hann vex inni í sprotum og laufblöðum birkisins og finnst víða um land, ekki síst í trjágörðum. Þar sem sveppurinn hefur komist inn í birkigrein, örvar hann mjög myndun hliðarsprota umhverfis sig og myndar með því nornavendi. Sveppurinn lifir ár eftir ár í nornavendinum og þroskar askgró sín í öskum, sem mynda hvítleitt lag neðan á laufblöðum nornavandarins síðsumars. Sveppurinn vinnur ekki mikið tjón á trjánum, en lítil prýði þykir að nornavöndum í trjágörðum.

Þór Þorfinnsson, skógarvörður, Hallormsstað.

Mynd: Risavaxni nornavöndurinn í Hallormsstaðaskógi. *Mynd: S.BI., mars 1996.*

Nýtt skógræktarfélag á Barðaströnd

Núna í lok apríl var stofnað nýtt skógræktarfélag á Barðaströnd, sem fékk nafnið Skógræktarfélag Barðastrandar. Nær starfssvæði þess yfir hina eiginlegu Barðaströnd og Hjarðarnes. Fjölsóttur stofnfundur var haldinn í Grunnskólanum á Birkimel þar sem lög félagsins voru samþykkt og stjórn kosin. Á starfssvæði félagsins eru víða fallegir skógarreitir frá fyrri tíð, svo sem við Flókalund í Vatnsfirði og í Mórudal. Félagið hyggst beita sér fyrir því að auka þekkingu og áhuga á skóg- og trjárækt, stuðla að gróðursetningu trjáa sem víðast á svæðinu, ekki síst við sveitabæi og eins að stuðla að hirðingu á eldri skógarreitum á starfssvæðinu. Óskum við Barðstrendingum til hamingju með þennan merka viðburð.

K.Richter
SÍMI 565 9000
cliks
1970 25 ára 1995
SAHARA
SAHARA
SAHARA
VINNUVETTLINGAR

Tilbúin
í vorverkin!
Sláttuorf
á tilboðsverði
meðan birgðir endast.
Aðeins kr.:
19.900,-
Öflugir
sláttutraktorar
og stærri sláttutæki
á frábæru verði.
Plógar, herfi og fjöldi
annarra jarðvinnslutækja
til leigu eða sölu.
Sláttuvélar
af öllum stærðum
á verði sem hentar öllum.
HVELLUR
SMIÐJUVEGI 4C • 200 KÓPAVOGUR
SÍMI: 587 9699 • FAX: 587 9644

Stór skógræktarverkefni í deiglunni

Horft yfir Laugarás í Biskupstungum. Verður þetta hin nýja ásjóna Suðurlands?
Mynd: A.Sn. (S.Í.).

Nú eru fimm ár liðin frá því að lög um Héraðsskóga voru samþykkt á Alþingi. Þar með var brotið blað í sögu nytjaskógræktar hér á landi og nýjar leiðir farnar hvað varðar markmiðssetningu, stjórn og framkvæmd nytjaskógræktar. Héraðsskógar voru skilgreindir sem nýtt, sjálfstætt skógræktarverkefni með skýrri markmiðssetningu, þ.e. að rækta nytjaskóg á Fljótsdalshéraði á 15.000 ha lands. Héraðsskógar hafa sjálfstæðan fjárhag og fjárlagalið á fjárlögum hvers ár, sérstaka stjórn og eins og áður sagði eru sérstök lög um Héraðsskóga. Ekki verður annað sagt en að Héraðsskógaverkefnið hafi gengið vel, svo vel að nú eru í undirbúningi ný verkefni af svipuðum toga.

Suðurlandsskógar

Undirbúningur Suðurlandsskóga hefur staðið síðan síðastliðið haust. Björn B. Jónsson, skógræktarráðunautur Skógræktar ríkisins, hefur haft umsjón með þeirri vinnu og hefur hann notið aðstoðar bæði skógfræðinga og skógfræðistúdenta.

Hugmyndin er að Suðurlandsskógaverkefnið verði bundið við þrjár sýslur í Suðurlandskjördæmi, það eru Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslur.

Markmið Suðurlandsskóga eru í þeim drögum, sem nú liggja fyrir, þríþætt:

1. Að rækta nytjaskóg á 12.000 ha svæði.

2. Að rækta 8 - 10.000 km skjólbelta (miðað við einfalda röð)

3. Að rækta skóga aðra en nytjaskóga á um 20.000 ha.

Fyrsti liðurinn er sambærilegur við Héraðsskóga nema hvað hektarafjöldinn er þremur þúsundum minni. Tveir síðari liðirnir eru nýjung þar sem Héraðsskógar hafa ekki verið með á sinni könnu ræktun skjólbelta né aðra skógrækt en til viðarnytja. Hér er því um að ræða mjög stórt verkefni og ef hugmyndirnar ganga eftir, mun stærra verkefni en Héraðsskógaverkefnið.

Þessar hugmyndir hafa fengið góðan hljómgrunn þannig að nokkur bjartsýni ríkir um að þær nái fram að ganga. Veittir hafa verið styrkir og ríkisframlög til áframhaldandi undirbúningsvinnu. Stefnt er að því að hafa sama hátt á og með Héraðsskóga og festa verkefnið í sessi með því að um það verði sett sérstök lög og verður frumvarp þar að lútandi lagt fram á haustþingi að öllu óbreyttu.

Skjólskógar

Svo heitir samstarfsverkefni skógræktarfélaganna í Dýrafirði og Önundarfirði á Vestfjörðum um fjölnytjaskógrækt og skjólbeltarækt. Þetta skógræktarverkefni verður ekki eins stórt í sniðum og Suðurlandsskógar en ekki síður merkilegt. Sæmundur K. Þorvaldsson frá Læk, formaður Skógræktarfélags Dýrafjarðar, er hugmyndasmiður verkefnisins og hefur borið hitann og þungann af undirbúningi þess. Það hefur verið í mótun um nokkurt skeið en formlega stofnuðu skógræktarfélögin tvö til verkefnisins þann 23. apríl síðastliðinn.

Segja má að markmið Skjólskóga séu þau sömu og annar og þriðji liður í markmiðssetningu Suðurlandsskóga. Fyrsta liðnum er sleppt þar sem trauðla verða ræktaðir viðarnytjaskógar í Dýrafirði og Önundarfirði. Það skal þó alls ekki afskrifa að hluti skjólskóga geti vaxið til viðarnytja. Í því sambandi má nefna að viðarmælingar á sitkagreni í Tungudal leiddu í ljós að viðarvöxtur þar er nokkuð fyrir ofan lágmarksviðarvöxt í nytjaskógrækt. Skjólskógar hafa fengið styrki frá sveitarfélögunum á svæðinu og Framleiðnisjóði og er stefnt að því að hægt verði að undirbúa frumvarp til laga um skjólskóga sem lagt verði fram á haustþingi.

Allt skógræktarfólk hlýtur að fagna þessum nýju skógræktarverkefnum og styðja þá sem að þeim standa heilshugar í því að þeim verði hleypt af stokkunum sem fyrst.

Sitkagrenið í Tungudal við Ísafjörð hefur vaxið einstaklega vel. Mynd: *B.J.(S.Í.).*

VERÐLAUNAGETRAUN LAUFBLAÐSINS

VINNINGSHAFAR

Í haustblaði Laufblaðsins var verðlaunagetraun þar sem í boði voru ýmsir veglegir vinningar. Fjölmörg svör bárust, flest rétt, og voru nöfn heppinna vinningshafa dregin á stjórnarfundi Skógræktarfélags Íslands 4. mars 1996. Eftirtaldir fengu vinning og eru beðnir að hafa samband við skrifstofu Skógræktarfélags Íslands til þess að nálgast vinningana.

50 þúsund króna plöntuúttekt

1. Arnaldur Hall	Markarvegi 11	Reykjavík

20 þúsund króna plöntuúttekt

2. Sigrún Alda Sighvatsdóttir	Háuhlíð 12	Sauðárkróki
3. Sveinn Kr. Pétursson	Neðstabergi 20	Reykjavík
4. Sigríður Óskarsdóttir	Hvassaleiti 16	Reykjavík
5. Guðrún Pálsdóttir	Norðurtúni 18	Bessastaðahreppi

10 þúsund króna plöntuúttekt

6. Magnús Karel Hannesson	Garðhúsum	820 Eyrarbakka
7. Friðrik Ó. Schram	Fljótaseli 25	Reykjavík
8. Pétur Sigurðsson	Hverfisgötu 34	Hafnarfirði
9. Hallbjörn Sigurðsson	Krossholti	311 Borgarnes
10. Katrín Gunnarsdóttir	Aðalstræti 39	Þingeyri

Skógræktarbókin og skógræktarbolur

11. Lúðvík Karlsson	Grashaga 3c	Selfossi
12. Kristinn Rögnvaldsson	Hnjúki	621 Dalvík
13. Kristín Björnsdóttir	Krossholti	311 Borgarnesi
14. Yngvi Gunnarsson	Furubyggð 22	Mosfellsbæ
15. Salvör Ragnarsdóttir	Hjarðarholti 4	Akranesi
16. Ásgeir Helgason	Túngötu 20	Bessastaðahreppi
17. Sigrún Guðjónsdóttir	Nesbakka 14	Neskaupstað
18. Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir	Lækjartúni 15	Hólmavík
19. Helga Jónsdóttir	Þinghólsbraut 75	Kópavogi
20. Þórir Hallgrímsson	Holtagerði 49	Kópavogi

sæplast

Skógræktarfélag Garðabæjar býður öllum að mæta á gróðurbótakvöld í maí og júní

Mynd: Kaffihlé á góðu vinnukvöldi síðastliðið sumar í Sandahlíð. *Mynd: Erla Bil Bjarnardóttir.*

Félagið hefur staðið fyrir svipuðum uppákomum undanfarin ár og hefur þátttaka verið góð enda fátt eins skemmtilegt og að stunda landbætur í góðum félagsskap skógræktarfólks.

Nú er vor óvenju snemma í lofti og menn hugsa sér til hreyfings. Félagið fær nú á vordögum 65.000 trjáplöntur til gróðursetningar í reitum sínum.

Stjórn félagsins hefur ákveðið að almenn plöntun verði á þriðjudagskvöldum í maí og júní. Við komum saman kl. 20:00 (kl. 8 síðdegis) í bækistöð félagsins í skógræktargirðingunni innan við Vífilsstaði. Bækistöðin er vinnuskúr við græðireiti félagsins í norðausturhorni Vífilsstaðagirðingarinnar við veginn upp í Heiðmörk. Þar verður ákveðið hverju sinni hvar verði gróðursett, eða borið á, það kvöldið og farið þaðan á gróðursetningarstað með plöntur, verkfæri og áburð, sem félagið leggur til.

Við hvetjum félaga og aðra til að fjölmenna og taka með sér gesti. Þetta eru ánægjulegar kvöldstundir fyrir alla fjölskylduna og börnin láta ekki sitt eftir liggja, þegar þau komast í snertingu við náttúruna. Við gerum hlé á miðju kveldi og er tilvalið að taka með sér kaffi eða te á brúsa og kókómjólk eða eplasafa handa börnunum og eitthvað smávegis til að maula.

Sigurður Björnsson, ritari Skf. Garðabæjar.

VORHUGUR

Skógræktardagbók fyrir sumarbústaðaeigendur, garðeigendur. skógræktarfélaga og alla aðra áhugasama ræktendur

2.

Allt of oft situr á hakanum að fólk skrái upplýsingar um ræktun sína, Þannig hrekkur það upp við vondan draum að nokkrum árum liðnum þegar í ljós kemur að hluti trjánna vex og dafnar með ágætum meðan annað koðnar niður. Þá kemur á daginn að ekki eru til neinar upplýsingar um plönturnar sem voru gróðursettar né hvernig um þær var hirt.

Til þess að einfalda fólki að skrá verk sín hefur Skógræktarfélag Íslands látið semja handhæga dagbók þar sem hægt er að skrá ýmsa þætti ræktunarinnar. Hugmyndina að dagbókinni má rekja til fulltrúafundar skógræktarfélaganna 1995. Þar kom Skógræktarfélag Garðabæjar fram með hugmynd um skráningarbók fyrir skógræktarfélögin og Sigurður Björnsson ritari félagsins stakk upp á því að hún fengi nafnið „Vorhugur“. Þessar hugmyndir voru grunnurinn að bókinni, sem síðan mótuðust í það form sem nú er að líta dagsins ljós.

Bókin hefst á formála Sigurðar Blöndals fyrrv. skógræktarstjóra þar sem hann vekur athygli á gildi þess að fólk haldi til haga upplýsingum um ræktun sína. Segir Sigurður m.a. „Þegar búið er að fylla í bókina er hún ekki aðeins gagnleg fyrir eigandann og hans fólk, heldur er hver slík bók orðin heimild sem getur verið ómetanleg fyrir þá sem eru að leggja fræðilegan grundvöll fyrir trjá- og skógrækt á Íslandi“. Siðar í formálanum segir Sigurður: „Til er stórkostlegt dæmi um dagbók af þessu tagi - raunar miklu ítarlegri er hér er ætlast til - líklega einsdæmi hér á landi. Það er dagbók séra Sigtryggs Guðlaugssonar um trjágarðinn „Skrúð“ á Núpi í Dýrafirði, sem hann tók að skrifa strax og ræktun hófst þar, og hann hélt áfram að skrifa um langt árabil. Fyrir bragðið er hægt að fá mjög glögga mynd af framvindu gróðurs í þessum garði, sem lengi var talinn eitt af undrum Vestfjarða“.

Búið hefur verið til einfalt form til útfyllingar í bókinni, sem allir geta fylgt. Byrjar fólk á því að skrá almennar upplýsingar um ræktunarsvæðið. Þegar byrjað er að gróðursetja er síðan hægt að skrá upplýsingar um gróðursetninguna, plönturnar sem verið er að vinna með og í framhaldi af því umhirðu trjágróðursins, vöxt og þrif, svo nokkur dæmi séu tekin.



***Fallegt birki í Mývatnssveit**. Mynd: J.G.P. (S.Í.) .*

Aftast í bókinni eru töflur þar sem hægt er að fletta upp ýmsum staðreyndum um skóg- og trjárækt, eins og um hæð og aldur trjátegunda, veðurfarsþætti, skógræktarskilyrði svo eitthvað sé nefnt.

Þessi bók á því áreiðanlega eftir að verða gagnleg fjölmörgu ræktunarfólki sem skráir í hana upplýsingar um ræktun sína og hefur þannig á einum stað aðgengilegar allar upplýsingar um hana.

Bókin er samin af Jóni Geir Pétursyni skógfræðingi hjá Skógræktarfélagi Íslands og gefin út af Prentsmiðjunni Odda hf. Hluti af söluandvirði hennar rennur til Skógræktarfélags Íslands.

Bókin fæst í helstu bókabúðum, í söludeild Odda við Höfðabakka, í gróðrarstöðvum og hjá Skógræktarfélagi Íslands, sími *551-8150 / 561-8150.*

Skógur og skógrækt í Japan

Skógarumhverfið í nágrenni Kyoto-borgar sem er á miðri Honsueyju. *Mynd: Grétar J. Unnsteinsson.*

Þegar við hugsum til Japans detta flestum okkar í hug bílar og hátæknibúnaður. Lítið fer fyrir því að eyjaríkið Japan er vaxið miklum skógum, og skógrækt og ekki síst skógvernd skiptir Japana miklu máli. Ísland og Japan eiga töluvert sameiginlegt hvað varðar náttúrufar. Þetta eru eyríki á eldfjallaeyjum í úthöfunum. Að vísu liggja Japanseyjar mun sunnar en Ísland og veðurfar þar er mun tempraðra en hér á landi.

Síðastliðið sumar fékk Skógræktarfélag Íslands óvænta heimsókn. Á skrifstofuna kom Japani að nafni Koji Matsushita sem hafði mikinn áhuga á íslenskri skógrækt. Það kom í ljós við nánari kynningu að hr. Matsushita er doktor í skógfræði og kennari við skógræktardeild Landbúnaðarháskólans í Kyoto sem er ein af stórborgum Japans. Hann sagði okkur m.a. frá því að í Japan væri fjöldi landbúnaðarháskóla og við marga þeirra væru skógfræðideildir. Við gáfum honum ýmsar upplýsingar um íslenska skógrækt og báðum hann að senda okkur einhverjar upplýsingar um japanska skógrækt þegar heim kæmi. Í haust kom síðan pakki frá Japan sem reyndist vera 500 bls. rit á ensku um skógræktarstefnu Japana. Í bókinni eru margar athyglisverðar upplýsingar.

Það kemur verulega á óvart að þetta stóra land er að stórum hluta skógi vaxið. Hlutfallslega eru mun meiri skóglendi í Japan en t.d. í Noregi sem er í margra augum mikið skógarland. Hvorki meira né minna en 2/3 japönsku eyjanna eru vaxnar skógi en þær eru 377.800 km^2 eða tæplega fjórum sinnum stærri en Ísland. Japanir eiga margra alda gamla hefð fyrir skógrækt og fyrstu gróðursetningar sem vitað er um eru frá fimmtándu öld.

Skógurinn hefur í gegnum tíðina verið ein af undirstöðum japanska þjóðfélagsins. Japanir náðu fljótt að auka uppskeru hrísgrjónaakra með því að bæta jarðveginn með laufi og öðrum efnum úr skógunum. Þetta varð til þess að þeir fengu forskot á aðrar þjóðir sem byggðu afkomu sína á hrísgrjónarækt og Japanir urðu með fjölmennustu þjóðum í heimi á miðöldum. Úr skógunum kom einnig allur viður til bygginga, eldiviður og kol.

Margir spyrja sig af hverju japönsku skógarnir eyddust ekki eins og hjá öðrum menningarþjóðum í örri þróun. Helstu ástæðurnar fyrir því eru taldar vera í fyrsta lagi að veðurfar og jarðvegur eyjanna er mjög hagstæður trjágróðri, úrkoma er mikil og þurrkatímabil stutt og jarðvegur frjósamur, skógurinn náði sér því fljótt aftur eftir að búið var að höggva hann. Í öðru lagi var aldrei stunduð kvikfjárrækt í stórum stíl í Japan og í þriðja lagi náðu Japanir mjög fljótt góðum tökum á nýtingu skóganna og gerðu sér grein fyrir mikilvægi þeirra, t.d. til að koma í veg fyrir flóð og skriðuföll.

Í dag er ástand japönsku skóganna mjög gott. Þrátt fyrir að þeir hafi lítið aukist að flatarmáli á síðustu áratugum hefur viðarframleiðsla þeirra stóraukist sem er árangur af betri umhirðu og ræktun.

Japanir leggja gífurlega áherslu á verndargildi skóganna og til eru margar gerðir verndarskóga, s.s. vatnsmiðlunarskógar, skógar til að koma í veg fyrir jarðvegseyðingu og vernda jarðveg og skógar til að hamla skriðuföllum og snjóflóðum. Skógarhögg í slíkum skógum er takmarkað og háð leyfi frá yfirvöldum og í sumum tilvikum alfarið bannað. Um 78.200 km^2 af skógunum eru skilgreindir sem verndarskógar en það er hvorki meira né minna en 31 % japönsku skóganna. Skógar til útivistar og yndis hafa líka sinn sess í skógrækt Japana og eru þeir um 5.400 km^2.

Fréttir af Landgræðsluskógum

Núna í sumar er gert ráð fyrir að gróðursetja um 1 milljón trjáplantna í landgræðsluskóga landsins. Um helmingur trjáplantnanna er birki, ættað úr Bæjarstaðaskógi en hinn hlutinn skiptist á milli ýmissa annarra trjátegunda.

Fyrirkomulag verkefnisins verður með svipuðu sniði og undanfarin ár. Skógræktarfélag Íslands skipuleggur úthlutun plantnanna, leiðbeiningar og annast umsjón verkefnisins. Skógrækt ríkisins leggur til plönturnar og koma þær frá gróðrarstöðvum stofnunarinnar á Hallormsstað, Vöglum og Tumastöðum, en eru einnig keyptar frá Barra hf. á Egilsstöðum. Landgræðsla ríkisins leggur til farartæki - stóran vöruflutningabíl og bílstjóra - til þess að koma plöntunum á gróðursetningarsvæðin vítt og breitt um landið. Skógræktarfélögin á hverjum stað sjá um gróðursetninguna og eru það sjálfboðaliðar úr félögunum sem vinna verkið, þó oft með stuðningi unglingavinnu eða atvinnuátaka sveitarfélaganna.

Þannig margfaldast framlag ríkisins til gróðurverndarstarfsins, því það þarf ekki að bera kostnaðinn við gróðursetninguna heldur sjá skógræktarfélögin um þann lið.

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins:

Kaffi París
Bókhaldsstofa Einars Sigurjónssonar
Iðunnar Apótek
Gullkistan
Hárgreiðslustofan Hödd
Útivist
I & D
Heildverslun Kristjáns G. Gíslasonar
Teiknistofa Þorvalds & Magnúsar
Heimilisiðnaðarskólinn
Faxamjöl hf
Héðinn verslun hf
Krosshamrar hf
Hárhönnun hf
Grænn kostur ehf
Scandic Hótel Loftleiðir/Esja
Borgarbókasafn Reykjavíkur
Landslagsarkitektar
Fjölprent hf
Ísbúðin
Bifreiðaverkstæði Hjálmtýs
Hárgreiðslustofan Kultura
Bólsturverk sf
Skjól umönnunar- & hjúkrunarheimili
KT. hf.
Fóðurblöndunarstöð M.R.
Barnavinafélagið Sumargjöf
Merkur
Morgunblaðið
ALP-bílaleigan
Blómaval
Bændasamtök Íslands
Endurvinnslan
Osta- og smjörsalan
Rafmagnsveitur ríkisins
Rannsóknarráð Íslands
S.H. Endurskoðun
Samvinnuferðir- Landsýn
Skinney
Skógræktarfélag Reykjavíkur
Slippfélagið- málningarverksmiðja
Umbúðamiðstöðin
Gagnaeyðing hf
Andvari hf
Kr. Þorvaldsson & Co
G.Pálmason
Flutningatækni ehf
Vörubílar & vinnuvélaverkstæðið
Ólafur Þorsteinsson ehf
VSO verkfræðistofa Stefáns
Vélsmiðja Jóns Sigurðssonar hf
Hugver
Nýherji hf
Hér & nú
Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum
Hljóð & mynd
Kórund ehf
Ull & gjafa vörur
UBH hf Benedikts Haukssonar
Heildverslunin Optíma
Augasteinn sf
Jarðboranir hf
Fiskbúðin Stjörnufiskur
Auglýsingastofan Gott fólk
Bókaútgáfan Himbrimi
Eignamiðlunin hf
Skoðunarstofan hf
Hús & ráðgjöf
Smurstöðin Klöpp
Pípulagnir Finnboga Guðmundss.



Viður er verðmætur!

Nýflett borð af alaskaösp og lerki. Það er gaman að sjá hvað litur og annað útlit viðarins getur verið mismunandi eftir tegundum. *Myndir: A. Sn. (S.Í.).*

Viður úr íslenskum skógum er nokkuð, sem fáir hafa lengst af haft trú á að ætti einhverja framtíð. Staðreyndin er hins vegar sú að á næstu árum og áratugum mun framboðið af borðvið og viðarafurðum aukast. Fyrst og fremst er um að ræða grisjunarvið úr skóglendum en hann er ekki sambærilegur að gæðum við þann sem fæst við lokahögg. Engu að síður hefur þessi viður sín sérkenni og er oft kvistóttur og kemur vel í ljós á meðfylgjandi myndum að hver tegund hefur sinn sérstaka blæ. Mikilvægt er að reynt verði af fremsta megni að nýta og vinna þennan góða efnivið en þá mun reyna á hugvit, hagleik og markaðsstarf.

Ekki er ráð nema í tíma sé tekið að afla reynslu á þessu sviði en í þeim efnum erum við náttúrulega algjörlega á byrjunarreit eins og skógrækt var í byrjun aldarinnar.

Það má segja að fyrsta skrefið hafi verið stigið síðastliðið vor með viðarsýningunni í Perlunni sem sagt var frá í Laufblaðinu nú fyrir ári síðan. Næsta skrefið verður svo tekið núna í maí þegar sett verður á laggirnar viðarmiðlun á vegum Skógræktar ríkisins og Landgræðslusjóðs í húsi sjóðsins í Fossvoginum. Hlutverk viðarmiðlunarinnar verður að safna saman íslenskum viði og afla kaupenda að honum auk þess að taka þátt í þróun á íslenskum viðarafurðum.

Auk Skógræktar ríkisins munu Skógræktarfélag Reykjavíkur, Sorpa og Garðyrkjudeild Reykjavíkurborgar leggja til íslenskan trjávið sem fellur til hjá þeim og vonandi bætast fleiri í hópinn.

Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands afhenti Davíð Oddsson forsætisráðherra viðarmiðluninni að gjöf 500.000 kr. fyrir hönd forsætisráðuneytisins sem sýnir svo að ekki verður um villst að æðstu ráðamenn þjóðarinnar hafa trú á að íslenskar viðarafurðir eigi framtíð fyrir sér.

Bæklingur um skógrækt fyrir erlenda ferðamenn

Skógræktarfélag Íslands hefur gefið út bækling um skógrækt, sem ætlaður er erlendum ferðamönnum. Bæklingurinn er á ensku, þýsku, frönsku og dönsku og á þannig að vera aðgengilegur fyrir meginþorra þeirra ferðamanna sem heimsækja landið.

Færst hefur í vöxt að erlendir ferðahópar gróðursetji tré á ferðum sínum um landið og einnig er mikið um fyrirspurnir um íslensk skógræktarmál hvaðanæva úr heiminum. Skortur hefur verið á heppilegu kynningarefni, sem útgáfa þessa bæklings leysir úr.

Bæklingnum er dreift endurgjaldslaust og má nálgast hann á skrifstofu skógræktarfélagsins.

Útgáfan var styrkt af Búnaðarbanka Íslands og Flugleiðum.

Allt í garðinn

Nýju Fiskars/Wedevåg verkfærin eru traust, eiguleg og vinnuvæn

- Nýtt handfang úr styrktu nylon efni hallar til að gefa betra grip.
- Skaftið er að mestu klætt með heilum járnhólki og styrktu nylon efni sem margfaldar endinguna.
- Skaftið fer einkar vel í hendi og á því eru engin hnoð eða skrúfur sem geta skaðað hendurnar.
- Ástigið og skóflublaðið er sérstaklega styrkt til átaka.
- Wedevåg gæðin kosta ekkert meira.

ELLINGSEN

Grandagarði 2, Rvík, sími 55-288-55, grænt númer 800-6288

FISKARS

MEINDL ISLAND

GÖNGUSKÓR

Tæknilega fullkomnir gönguskór
með Goretex vatnsvörn
Léttir, sterkir og þægilegir

ISLAND LADY, stærðir frá 36–42
Verð 16.640

ISLAND, stærðir frá 40–46
Verð 16.900
(einnig yfirstærðir, 47 og 48)

ÚTILÍF hf

Glæsibæ, sími 581 2922

Nýjar tölur um flatarmál íslensku birkiskóganna

Birkiskógur í Undirhlíðum í Hafnarfirði. *Mynd: A.Sn. (S.Í.).*

Birkiskógarnir og kjarrið sem vex víða um land eru leifarnar af þeim náttúrulegu skóglendum sem þöktu þurrlendi Íslands fyrir landnám. Birkið skipar því háan sess í þjóðarvitundinni og það hefur oftsinnis komið fram að þjóðin vill vernda og efla íslensku birkiskógana frá því sem nú er. Það hefur löngum verið ljóst að núverandi skóglendi eru aðeins svipur hjá sjón miðað við þau sem landnámsmenn renndu hýru auga til þegar þeir settust hér að en talið er að um 20-30% landsins hafi verið vaxin birkiskógi og kjarri við landnám.

Árið 1972 var hafist handa við að kanna stærð skógarleifa og safna í leiðinni gögnum um ástand þeirra. Þeirri könnun lauk 1975 og kom þá í ljós að flatarmál birkiskóganna var aðeins um 1.262 km^2. Þetta hefur síðan verið sú tala sem menn hafa vitnað til í ræðu og riti.

Á árunum 1987-1991 var gerð ný nákvæmari úttekt á birkiskógunum í þeim sama tilgangi að kanna útbreiðslu og ástand þeirra. Rannsóknastofnun landbúnaðarins tók að sér að framkvæma vettvangsvinnuna en úrvinnsla gagna hefur verið í höndum Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá. Úttektin fólst í tvennu, annars vegar kortlagningu skóganna og hins vegar mælingum á ýmsum þáttum til að lýsa ástandi þeirra og vistfræði. Kortlagningunni er nú nær lokið og einungis er eftir að lesa kortin yfir og ganga frá þeim til prentunar. Vegna þess að ekki er lokið yfirlestri má búast við að einhverjar breytingar verði á þeim flatarmálstölum sem hér eru birtar, því ætti að líta á þær með nokkurri varúð. Útlínur skóganna voru dregnar inn á loftljósmyndir í mælikvarðanum 1:36.000, en á þeim svæðum sem þegar höfðu verið gróðurkortlögð var sú kortlagning látin ráða. Af loftmyndunum var útlínum birkiskóganna varpað á staðfræðikort í mælikvarðanum 1 :50.000 og þær síðan færðar á tölvutækt form.

Samkvæmt nýju mælingunum er flatarmál birkiskóganna minna en áður var áætlað eða 1.183 km^2. Ástæðan er ekki sú að skógarnir hafi minnkað frá því að fyrri könnunin var gerð heldur sú að kortlagningin er töluvert nákvæmari að þessu sinni.

Rétt er að taka það fram að þegar talað er um birkiskóga er átt við allt það land sem vaxið er birki sama hve lág- eða hávaxið það er.

Daði Björnsson, skógræktarráðunautur hjá Skógrækt ríkisins.

TAFLA 1. Samanburður á nýju og eldra flatarmáli birkiskóga

Sýsla	Nýtt flatarmál km^2	Könnun frá 1972-75 km^2	Breyting í %
A.-Barðastrandarsýsla	84,96	77,50	10%
A.-Skaftafellssýsla	47,29	35,00	35%
Árnessýsla	143,84	170,27	-16%
Borgarfjarðarsýsla	53,15	64,96	-18%
Dalasýsla	41,08	42,40	-3%
Eyjafjarðarsýsla	0,52	1,69	-69%
Gullbringusýsla	53,97	60,37	-11%
Kjósarsýsla	2,85	3,85	-26%
Mýrasýsla	132,32	143,10	-8%
N.-Ísafjarðarsýsla	76,74	97,82	-22%
N.-Múlasýsla	53,12	23,66	125%
N.-Þingeyjarsýsla	73,90	118,97	-38%
Rangárvallasýsla	22,51	24,83	-9%
S.-Múlasýsla	123,65	136,99	-10%
S.-Þingeyjarsýsla	140,39	67,82	107%
Skagafjarðarsýsla	1,71	1,85	-8%
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	51,26	71,00	-28%
Strandasýsla	7,06	9,10	-22%
V.-Barðastrandarsýsla	24,54	72,58	-66%
V.-Ísafjarðarsýsla	13,61	13,55	0%
V.-Skaftafellssýsla	34,89	24,49	42%
Alls	1183,36	1261,80	-6%

Grisjun í Skorradal - kurlað fyrir Járnblendið

Í vetur hefur staðið yfir grisjun á einum af fallegustu sitkagrenireitunum á Stálpastöðum í Skorradal. Grisjunin er með nokkuð öðru sniði en venja er til þar sem reiturinn verður fræreitur í framtíðinni. Sitkagrenið var gróðursett 1961 og er frá Cordova í Alaska. Þrátt fyrir að afföll í aprílhretinu 1963 hafi verið töluverð hefur þetta sitkagreni vaxið einstaklega vel og mikið er af úrvalstrjám í reitnum sem vaxið hafa mikið og áfallalaust alla sína tíð. Eftir 35 ára vöxt eru hæstu trén orðin vel á tólfta metra á hæð. Þessi tré verða skilin eftir til undaneldis og grisjað verður vel frá þeim en með því móti eykst fræsetning frá því sem er í þéttum skógi.

Reiturinn er um 7-8 ha að stærð og það er ljóst að mikið fellur til af viði við grisjunina. Skógrækt ríkisins hefur því samið við Járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga um að taka við þeim viði sem ekki er hægt að fletta í borð. Um er að ræða 150-200 tonn sem verða kurluð á Grundartanga.

Járnblendiverksmiðjan notar mikið af kurli á hverju ári og er allt úrgangstimbur frá höfuðborgarsvæðinu kurlað og notað þar. Þrátt fyrir það getur verksmiðjan tekið við 10.000 tonnum af kurli til viðbótar á hverju ári þannig að það væri lítið mál að losna við allan grisjunarvið sem fellur til á landinu í ofnana á Grundartanga. Það sem helst kemur í veg fyrir það er að verðið á kurlinu er lágt, viður sem fellur til við grisjanir er dreifður um allt land og flutningskostnaður verður því mikill. Þar að auki er erfitt að áætla hve mikið fellur til af grisjunarviði ár hvert.

Markaður fyrir viðarkurl til annarra nota hefur líka farið vaxandi. Kurl er notað í auknum mæli í göngustíga og hafa bæði skógræktarfélög og Skógrækt ríkisins notað kurl úr eigin skógum í göngustíga. Kurl í göngustíga hefur marga kosti umfram annað efni en þeir eru helstir að kurlið er létt og því auðvelt að flytja það á staðinn, það er mjög gott að ganga og hlaupa á því af því að það gefur vel eftir undan þunga. Það hefur líka færst í aukana að trjá- og runnabeð eru þakin með kurli en kurlið kemur í veg fyrir að illgresi nái að spíra í beðunum og eru það vaxtarhemjandi efni í viði og berki sem hemja sprettu illgresisins.

Skógarhöggsmenn tilbúnir í grisjun á Stálpastöðum. *Mynd: Ólafur Oddsson.*

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins:

Bókhaldsþjónusta Gylfa
Dælubílar hf
Emmess hf
Einar Guðmundss. umb.- & heildv.
Stoð endurskoðun hf
TP Fóður ehf
Básfell hf
Þín verslun Straumnes
Bílasalan Bílabatteríið hf
Hópferðamiðstöðin
Grasefnavörur - Heildverslun
Sigurverk ehf
Bílamálun hf
Ísfrost hf
Stétt hf
Garðyrkjustöðin Fífilbrekka sf
Hagi ehf - Hilti
Strengur hf
Frjó hf
Vélaverkstæðið Kistufell
Bílaleigan AKA
Gæðamold hf
Iðna Lísa sf
Íslandsmarkaður hf
Perlan
Eggja & kjúklingabúið Hvammur
Bakaríið Grímsbæ hf
Fiskveiðisjóður Íslands
Vogabær hf
Barksuða Guðmundar
Vélsmiðja Guðmundar
Hárgreiðslust. Delila & Samson
Jón Baldur Þorbjörnsson
Bókun hf
Blikksmiðjan Auðás hf
Bakarí Friðriks Haraldssonar
SÁ Bílaleiga Sigurðar
Timbur & stál hf
Tengi ehf
Íslakk hf
Bílamálunin Bliki
Glerskálinn ehf
Bílver sf
Landvélar hf
Kynningarferðir sf
Tölvu & tækniþjónustan hf
Bygging hf
Kvótabankinn
Túnverk
Túnþökusalan sf
Pípugerðin
Bifreiðastöð Hafnarfjarðar
Hársnyrtistofan Flóki
Hagvagnar hf
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu
Starvirki hf
Anna & Nína sf
Bjarmi
Almiðlun ehf
Hjalti Guðmundsson
M.H. verktakar hf
Fiskanes hf
Hitaveita Suðurnesja
Miðnes hf
Sandgerðisbær
Hitaveita Suðurnesja
Túnþökur & vélaleiga
Akranes Apótek
Akrablóm
Gámaþjónusta Akraness hf
Sementsverksmiðjan, Akranesi

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins:

Ferstikluskáli
Sparisjóður Mýrasýslu
Efnalaugin Múlakot
Búnaðarsamband Borgarfjarðar
Hótel Borgarnes
Kaupfélag Borgfirðinga
Byggingafélagið Borg hf
Sumarhótelið
Ferðaþjónustan, Húsafelli
Grunnskólinn í Stykkishólmi
Apótek Stykkishólmi
Hrönn hf
Hamraborg hf
Blómabúð Ísafjarðar
Félagskaup hf
Geirseyrarbúðin
Skógræktarfélag Patreksfjarðar
Eyrarsparisjóður
Gistihús Erlu
Happdrætti Háskólans & SÍBS
Birkimelsskóli
Limgarður Skógræktarfélag
Staðarskáli
Verkalýðsfélag Hólmavíkur
Sparisjóður Strandamanna
Árneshreppur
Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Bólstaðarhlíðarhreppur
Höfðahreppur
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Saumastofan Vaka
Trésmiðjan Borg hf
Fiskiðjan Skagfirðingur
Hólaskóli
Norðurnet ehf
Héraðsnefnd Skagafjarðar
Búnaðarsamband Skagfirðinga
Hólahreppur
Sundhöll Siglufjarðar
Bæjarskrifstofur Ólafsfjarðar
Endurskoðunarmiðstöðin
Blómabúðin Björk
Aldin hf
Húsavíkurkaupstaður
Hverinn hf
Hótel Norðurljós
Raufarhafnarhreppur
Vopnafjarðarhreppur
Hitaveita Egilsstaða & Fellahr.
Trésmiðja Fljótsdalshéraðs
Kaupfélag Héraðsbúa
Trésmiðja Guðna Þórarinssonar
Blómabær
Héraðsskógar
Hamraland hf
Dagsverk hjólbarðaverkstæði
Hótel Valaskjálf
Reyðarfjarðarhreppur
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf
Neskaupstaður
Viggó hf
Sólborg ehf
Akkur hf
Tryggingamiðstöðin hf
Gámar hf
Árvélar hf
Vöruflutningar Magnúsar
Höfn -Þríhyrningur hf
Biskupstungnahreppur
Gnúpverjahreppur
Skeiðahreppur

Viðbótarfróðleikur um íslensku blæöspina

Í Laufblaðinu hefur áður verið sagt frá nýjum fundarstað blæaspar hér á landi á jörðinni Höfða á Fljótsdalshéraði. Hörður Kristinsson grasafræðingur á Akureyri hefur nú upplýst enn annan fundarstað sem þekktur hefur verið um árabil en virðist hafa verið fáum kunnugur og því ekki komist fyrr á skrá. Um 1950 fann Guðmundur Helgi Haraldsson, bóndi á Hallandi, kynlegan runna í Vaðlareit en svo heitir skógræktargirðingin sem er í hlíðinni hinumegin við fjörðinn á móti Akureyri. Þegar upplýst var um fund blæaspar í Egilsstaðaskógi mundi Guðmundur eftir runnanum sem hann fann, lét greina hann og kom þá í ljós að þetta var blæösp.

Margt bendir til þess að þarna sé um náttúrulega ösp að ræða, þ.e.a.s. að henni hafi ekki verið komið þarna fyrir af manna völdum. Helstu rökin fyrir þeirri tilgátu eru í fyrsta lagi að blæösp kemur ekki fyrir í skrám yfir þær tegundir sem gróðursettar hafa verið í Vaðlareit. Í öðru lagi virðist upprunalegur vaxtarstaður vera þurr og rýr klettasylla en sá staður hefði aldrei verið valinn sem gróðursetningarstaður. Í þriðja lagi hafa athuganir á kjarnsýrum Vaðlaasparinnar sem Vignir Sigurðsson líffræðingur á Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur gert leitt í ljós að hún er ekki klónn af Garðsöspinni sem er sú blæösp sem mest hefur verið dreift um landið af manna völdum.

Það eina sem gæti afsannað þessa tilgátu er að Vaðlaöspin sé afkomandi blæasparinnar sem vex í Grundarreit í Eyjafirði en þar var gróðursett blæösp snemma á öldinni. Vignir er að kanna þetta og mun gera grein fyrir þeim niðurstöðum þegar þær liggja fyrir.

Blæöspin í Vaðlaskógi hefur breitt tölu-vert úr sér og hafa hæstu trén náð allt að fimm metra hæð.

Nú hefur komið í ljós að blómin sem varð-

Falleg blæösp á Gunnfríðarstöðum í Langadal í A.-Húnavatnssýslu. *Mynd: J.G.P(S.Í.).*

veitt eru af Hallbjarnarstaðaöspinni eru karlreklar þannig að öspin sú er karlkyns eins og Garðsöspin. Konráð Erlendsson kennari fann blómin í áðurnefndu blómasafni og tók af því myndir og sendi til Rannsóknastöðvarinnar.

Þórarinn Benedikz, sérfræðingur, Mógilsá.

Fræðslufyrirlestrar skógræktarfélaganna

Í vor hefur Skógræktarfélag Íslands staðið fyrir fræðslufyrirlestrum á vegum skógræktarfélaganna. Sérfróðir aðilar á ýmsum sviðum ræktunarstarfsins hafa mætt á fundi félaganna til að fræða og leiðbeina. Fræðslufyrirlestrarnir hafa ýmist verið tengdir aðalfundum eða almennum fræðslufundum. Slíkir fyrirlestrar hafa nú verið haldnir eða bókaðir á um 20 stöðum á landinu. Hvetjum við alla félagsmenn til að nýta sér þessa þjónustu skógræktarfélaganna og sækja fræðslufundina. Lykillinn að velheppnuðu ræktunarstarfi er að leita sér upplýsinga og fróðleiks og eru svona fyrirlestrar kjörinn vettvangur til þess.

Bæjarstaðabirki í Neskaupstað

Hjallaskógur í Neskaupstað, sem skógræktarfélagið hefir ræktað á síðustu 40-50 árum, er orðinn ákjósanlegur útivistarskógur. Þarna var nauðbeitt mólendi, þegar frumherjarnir girtu svæðið. Þessi mynd var tekin á skógardaginn 12. ág. sl. Þarna er 5-6 m hátt Bæjarstaðabirki, sem gróðursett var á 6. áratugnum. Það hefir nú verið grisjað þrisvar sinnum. Botngróðurinn er orðinn dæmigerður fyrir háan gróskuflokk.

Sigurður Blöndal, fyrrv. skógræktarstjóri. Mynd: S.Bl., 20.10.95.

Skógargöngur - Allir velkomnir

Skógargöngur eru tilraun til að koma til móts við fjölmarga áhugamenn, sem vilja kynna sér hvað skógurinn hefur upp á að bjóða. Þúsundir einstaklinga notfæra sér skóga landsins til útivistar og gera það oftast á sínum eigin forsendum. Skógræktarfélög á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni sem ríða á vaðið með skipulögðum skógargöngum vilja bæta og auka þekkingu þeirra sem ganga um skóglendin. Þá vilja félögin einnig nota tækifærið til þess að fá fleiri til að koma og njóta fræðslu, hollrar hreyfingar og kynnast fjölbreytni skóganna. Staðkunnugir munu vísa veginn og staldra við á ákveðnum stöðum. Leiðsögumenn munu segja frá sögu og tilurð skógarreitanna, lífinu sem hrærist í skóginum, trjánum og hvernig þau vaxa. Auk þess mun einnig gefast tækifæri til að fara í skógargöngur á Skógræktardaginn, sem haldinn verður 10. ágúst víðs vegar um land.

Göngufólk í Öskjuhlíð. *Mynd: B.J.(S.Í.).*

Gönguferðirnar eru á fimmtudögum og hefjast kl. 20.00 og taka u.þ.b. tvo tíma.

Dags.	Skógræktarfélag	Upphaf göngu	Viðkomustaðir og leiðir	Vegalengd í km
MAÍ				
23	Reykjavíkur	Aðalstræti	Elsta tré borgarinnar, Þingholtin, Öskjuhlíð, Perlan	3-5
30	Garðabæjar	Garðaholt	Gengið um skógarreit, sem ræktaður er við erfið skilyrði	1 - 2
JÚNÍ				
6	Reykjavíkur	Perlan	Gengið frá Perlunni yfir brúna á Kringlumýrarbraut í Fossvogi	3-5
13	Mosfellsbæjar	Hamrahlíð	Gengið um Hamrahlíð sem blasir við frá Vesturlandsveginum	2-3
20	Reykjavíkur	Fossvogsstöð	Gengið inn Fossvogsdal að Rafveituheimili	3-5
27	Kópav.- Kjós.	Fossá í Hvalf.	Gengið um fjölbreytt land Fossár sem er að klæðast skógi	3
JÚLÍ				
4	Reykjavíkur	Rafveituheimili	Gengið frá Rafveituheimilinu um Breiðholtshvarf að Rauðavatni	3-5
11	Hafnarfjarðar	Höfðaskógur	Ganga um Höfðaskóginn og umhverfis Hvaleyrarvatn	4
18	Reykjavíkur	Baldurshagi	Gengið um Rauðavatnsstöðina og um Trippadal, að Elliðavatni	3-5
25	Garðabæ - Kóp.	Smalaholt	Gengið um vaxandi skóglendi í Smalaholti og Rjúpnahæð	2
ÁGÚST				
1	Reykjavíkur	Vífilsstaðahlíð	Trjásýnireitur skoðaður og farið í Þórðarreit o.fl.	3
8	Hafnarfjarðar	Kaldársel	Undirhlíðar - Kúadalur - Skólalundur	5

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins:

Garðyrkjustöðin, Gufudal
Jarðefnaiðnaður hf
Ölfushreppur
Sjafnarblóm
Kaffi Lefolii ehf
Rangá ehf
Trévík
Víkurskáli
Skaftárhreppur
Framhaldssk. í Vestmannaeyjum
Herjólfur hf
Sigurbára hf
Miðstöðin sf
Páll Zophoníasson, teiknistofa
Vestmannaeyjabær
Átak hellugerð
Ísfélag Vestmannaeyja

Gott samstarf



Hitaveita Reykjavíkur hefur kostað alla ræktun og landbætur í Öskjuhlíð og á Grafarholti.

Skógræktarfélag Reykjavíkur sá um framkvæmdir með aðstoð Vinnuskólans.

Fjölbreyttur útivistarskógur prýðir nú athafnarsvæði Hitaveitunnar.